

EDUCATION  
TRAINING  
YOUTH

# MAT Á GÆÐUM SKÓLASTARFS

## Evrópskt tilraunaverkefni SPURNINGALISTI 1

SAMIÐ FYRIR  
FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS:  
JOHN MACBEATH  
DENIS MEURET  
MICHAEL SCHRATZ

FRAMKVÆMDASTJÓRN  
EVROPUSAMBANDSINS

## SPURNINGALISTINN

Tilgangur spurningalistans er að fá fram grunnmynd af þátttökuskólunum þegar þeir hefja í tilraunaverkefnið. Með mörgum spurninganna er leitað eftir upplýsingum um reynslu skólans af innra og ytra gæðamati — á stofnuninni sem heild, á deildum, á kennslu og námi, á einstökum námsgreinum eða einstökum kennurum.

Skilgreining á merkingu eftirfarandi hugtaka gæti verið gagnleg:

**Gæði** vísa til þess gæðastigs sem skólinn nær. Þau geta vísað til árangurs nemenda sem að hluta til er hægt að mæla. Þau geta vísað til starfsanda stofnunarinnar — eindrægni innan hennar, stefnufestu eða væntinganna sem hún uppfyllir. Sumt af þessu má einnig mæla. Gæði geta einnig vísað til gilda sem höfð eru að leiðarljósi frá degi til dags. Enda þótt mun erfiðara sé að mæla gildi og síði dregur það ekkert úr mikilvægi þeirra, og þau kunna að vera þær meginstoðir sem „gæðaskóli“ getur ekki verið án.

**Innra** mat er oft nefnt sjálfsmat. Það er ferli sem felst í því að skólinn spyr spurninga um gæði eigin starfsemi, eða einstakra þátta hennar, leitar gagna og kemst að niðurstöðu. Niðurstaðan getur verið í formi munnlegrar eða skriflegrar skýrslu, eða t.d. mælinga eða vísa (indicators).

**Ytra** mat er það nefnt þegar utanaðkomandi aðili, t.d. eftirlitsmaður, ráðgjafi eða annar matsaðili, metur gæði skólastarfsins eða einstakra þátta þess. Niðurstaðan getur verið sett fram í skýrslu til skólans, til yfirstjórnar skólamála í viðkomandi sveitarfélagi eða til stjórnvalda.

Þessar tvær aðferðir geta fléttast saman á mismunandi vegu. Dæmi:

- skólinn metur sig sjálfur en utanaðkomandi aðili byggir á því mati eða bætir við það
- utanaðkomandi aðili aðstoðar skólann við eigið mat

## 1. Markmið eða stefna

Hefur skólinn einhver yfirlýst markmið eða stefnuskrá? Vinsamlega greinið stuttlega frá því hér að neðan (ekki meira en 100 orð). Vinsamlega látið engin skjöl fylgja.

## 2. Mat á markmiðum

Eru notaðar einhverjar aðferðir til að meta að hve miklu leyti skólinn, einstakar deildir eða einstakir kennarar ná markmiðum skólans eða stefnuskráratriðum hans. Vinsamlega merkið í viðeigandi reiti hér á eftir:

- |   |                          |
|---|--------------------------|
| umræður starfsfólks   | <input type="checkbox"/> |
| umræður meðal stjórnenda skólans, í skólaráði eða í skólanefnd      | <input type="checkbox"/> |
| viðræður við nemendur, einslega eða í hópi                          | <input type="checkbox"/> |
| umræður í hópi eða milli hópa (t.d. starfsfólk/foreldrar, nemendur) | <input type="checkbox"/> |
| athugun í skólastofu  | <input type="checkbox"/> |
| viðtöl  | <input type="checkbox"/> |
| dagbækur eða skrár  | <input type="checkbox"/> |
| mælingar á árangri nemenda  | <input type="checkbox"/> |
| spurningalistar fyrir foreldra                                      | <input type="checkbox"/> |
| spurningalistar fyrir nemendur                                      | <input type="checkbox"/> |
| spurningalistar fyrir kennara                                       | <input type="checkbox"/> |
| ljósmyndir eða myndbönd   | <input type="checkbox"/> |
| vinnuhópar um tiltekin áhersluefni                                  | <input type="checkbox"/> |
| annað (hvað?)   | <input type="checkbox"/> |

### 3. Að hverju beinist matið

Að hverju beinist matið? Öllum skólanum eða einstökum þáttum í skóla-  
starfinu? Vinsamlega lýsið stuttlega því sem er gert ef svarið er „já“ við  
einhverju af eftirfarandi.


#### nei já lýsing

gæðum eða skilvirkni skólans í heild			
deildum, námsbrautum eða öðrum smærri einingum innan skólans			
einstökum bekkjum			
einstökum námsgreinum			
kennurum			
andrúmslofti eða starfsanda í skólanum			
forustu eða stjórnun			

#### 4. Árangursvísar


Eru í notkun einhverjir vísar (indicators) eða árangursviðmið til að meta gæði skólastarfsins?

Ef svo er, vinsamlega tilgreinið tvö eða þrjú dæmi um slíka vísa í rammnum hér fyrir neðan. Ef þið viljið getið þið bætt við mjög stuttri lýsingu á því hvernig tengjast öðrum vísbendingum um árangur.



#### 5. Hvaðan koma vísar/árangursviðmið?

Eru þessir vísar eða árangursviðmið aðeins notuð í skólanum eða eru þau hluti af stærri heild? Vinsamlega tilgreinið hvaðan vísar / árangursviðmið koma með því að setja **X** í þann (þá) ramma sem við á (eiga).



frá skólanum

frá sveitarfélaginu

frá fræðsluumdæmi

frá yfirstjórn menntamála

## 6. Ytra mat

Metur utanaðkomandi aðili, t.d. eftirlitsmaður, ráðgjafi, háskóli eða annar skóli, skólann eða veitir endurgjöf (feedback)? Merkið í viðeigandi reiti og gefið stutta lýsingu á því sem merkt hefur verið við í rammanum fyrir neðan.

**allur  
skólinn**      **deild /  
námsbrau  
t**      **einstakir  
kennarar**

skólaeftirlitsmaður kemur í skólann og er það hluti af reglulegu eftirliti
eftirlitsmaður kemur í skólann af sérstöku tilefni
athugun utanaðkomandi aðila (t.d. ráðgjafar-fyrirtækis) að beiðni skólans
skólinn sendir yfirlit eða skýrslur til skólayfirvalda í sveitarfélaginu eða yfirstjórnar menntamála í landinu
skólayfirvöld í sveitarfélaginu eða yfirstjórn menntamála í landinu safna gögnum um framtíðarstöðu skólans (t.d. einkunnir, mætingar).

Vinsamlega lýsið nánar einhverju af ofangreindu eða einhverjum öðrum aðferðum sem þið hafið notað.

## 7. Innra og ytra mat

Ef utanaðkomandi aðili metur skólann á einhvern hátt hvernig fellur slíkt mat að innri athugun á skólanum eða innra mati? Er það mat t.d. algerlega aðskilið? Er það gert í öðrum tilgangi? Byggir ytra matið á innra mati? Vinsamlega lýsið því hér fyrir neðan.

## 8. Aðaltilgangur

Hver er aðaltilgangurinn með mati á starfi skólans? Vinsamlega merkið í annan reitinn eða báða við **eitt** atriði sem er höfuðmarkmiðið með innra og/eða ytra mati.

	innra	ytra
<b>samanburður</b> til að bera saman árangur, starfsferli og frumkvæði skóla í sveitarfélaginu, á landsvísu og á alþjóðlegum grundvelli	●	●
<b>ábyrgð</b> til að afla gagna sem sýna fram á árangur skólans eða nemenda hans	●	●
<b>ástandsgreining</b> til að komast að því hvað er í góðu lagi og hvað ekki	●	●
<b>stefnumótun</b> til að greina viðfangsefni fyrir frekari þróun	●	●

Vinsamlega lýsið einhverjum öðrum tilgangi sem skólinn kann að hafa með mati.

--

## 9. Markhópar

Fyrir hvern (hverja) er matið gert eða hverjir nota niðurstöður matsins?  
Merkja má í fleiri en einn reit.

yfirstjórn menntamála í landinu	●
yfirstjórn fræðsluumdæmis (sjá sp. 5)	●
fræðsluyfirvöld sveitarfélags	●
stjórnendur/forstöðumenn skóla, skólanefnd	●
kennarar	●
nemendur	●
foreldrar	●
skólanefnd eða önnur yfirstjórn	●
aðrir (hverjir?)	●

## 10. Innra mat — ferlið

Hversu ánægð eruð þið með innra matsferlið í skólanum (þ.e. hvernig það er notað)?

mjög ánægð	●
nokkuð ánægð	●
ekki mjög ánægð	●
alls ekki ánægð	●

Vinsamlega bætið við eigin athugasemdum um sjálfsmatsferlið.

--



## 11. Árangur og þróun

Hversu ánægð eruð þið með árangur eða þróun sem hefur átt sér stað í kjölfar innra mats á skólastarfinu?

mjög ánægð
nokkuð ánægð
ekki mjög ánægð
alls ekki ánægð

- 
- 
- 
- 

Vinsamlega lýsið þróun eða breytingum sem hafa átt sér stað og rekja má til sjálfsmatsins.

--

## 12. Ytra mat — ferlið

Hversu ánægð eruð þið með ytra matsferlið í skólanum?

mjög ánægð
nokkuð ánægð
ekki mjög ánægð
alls ekki ánægð

- 
- 
- 
- 

Vinsamlega bætið við einhverjum athugasemdum um ytra matsferlið?

--

### 13. Viðhorf til innra mats (eða sjálfsmats)

Ef fram hefur farið innra mat í skólanum vinsamlega setjið hring utan um þá tölu í hverri línu sem kemst næst því að lýsa viðhorfi ykkar til innra mats.

segir okkur ekkert nýtt	1	2	3	4	5	segir okkur heilmikið
bætir kennslu	1	2	3	4	5	bætir ekki kennslu
er tímafrekt	1	2	3	4	5	lítill tími fer aukalega í það
nær aðeins til fárra	1	2	3	4	5	nær til allra
bætir stjórnun	1	2	3	4	5	bætir ekki stjórnun
er erfitt í túlkun	1	2	3	4	5	er auðvelt í túlkun
flest starfsfólk er ánægt með það	1	2	3	4	5	flest starfsfólk er óánægt með það
er auðvelt í framkvæmd	1	2	3	4	5	er erfitt í framkvæmd
er ekki hagkvæmt fyrir rekstur skólans	1	2	3	4	5	er hagkvæmt fyrir rekstur skólans
er áreiðanlegt / sjálfu sér samkvæmt	1	2	3	4	5	er óáreiðanlegt / ósamkvæmt sjálfu sér
er réttmætt (mælir það sem það á að mæla)	1	2	3	4	5	er ekki réttmætt (mælir ekki það sem það á að mæla)

## 14. Viðhorf til ytra mats

Ef utanaðkomandi aðili hefur metið skólann vinsamlega setjið hring utan um þá tölu í hverri línu sem kemst næst því að lýsa viðhorfi ykkar.

segir okkur ekkert nýtt	1	2	3	4	5	segir okkur heilmikið
bætir kennslu	1	2	3	4	5	bætir ekki kennslu
er tímafrekt	1	2	3	4	5	lítill tími fer aukalega í það
nær aðeins til fárra	1	2	3	4	5	nær til allra
bætir stjórnun	1	2	3	4	5	bætir ekki stjórnun
er erfitt í túlkun	1	2	3	4	5	er auðvelt í túlkun
flest starfsfólk er ánægt með það	1	2	3	4	5	flest starfsfólk er óánægt með það
er auðvelt í framkvæmd	1	2	3	4	5	er erfitt í framkvæmd
er ekki hagkvæmt fyrir rekstur skólans	1	2	3	4	5	er hagkvæmt fyrir rekstur skólans
er áreiðanlegt / sjálfu sér samkvæmt	1	2	3	4	5	er óáreiðanlegt / ósamkvæmt sjálfu sér
er réttmætt (mælir það sem það á að mæla)	1	2	3	4	5	er ekki réttmætt (mælir ekki það sem það á að mæla)

15. Hvaða atriði tengd gæðum skólastarfs skipta ykkur mestu máli?  
Vinsamlega lýsið því hér að neðan.

1. ....

2. ....

3. ....

4. ....

### 16. Mat á tólf sviðum

Vinsamlega merkið í viðeigandi reit ef skólinn hefur:

A) metið einhver þessara sviða í starfi skólans á undanförunum þremur árum

B) gefið einhverjum þessara sviða forgang í þróun skólastarfs

C) gripið til aðgerða á einhverju þessara sviða í kjölfar þess sem kom fram við mat

	A	B	C
1. Námsárangur	•	•	•
2. Persónulegur og félagslegur þroski	•	•	•
3. Hvert fara nemendur að loknu námi í skólanum	•	•	•
4. Hluttur tímans í námi	•	•	•
5. Gæði náms og kennslu	•	•	•
6. Stuðningur í námserfiðleikum	•	•	•
7. Skólinn sem námsstaður	•	•	•
8. Skólinn sem félagslegur íverustaður	•	•	•
9. Skólinn sem vinnustaður fagfólks	•	•	•
10. Skóli og heimili	•	•	•
11. Skóli og samfélag	•	•	•
12. Skóli og starf	•	•	•

**Að lokum:** Vinsamlega gefið okkur einhverjar upplýsingar sem gætu nýst við skipulagningu ráðstefnu í Lúxemborg sem verður haldinn 15. og 16. nóvember. Vinsamlega tilgreinið sjálfsmatsaðferðir (mest þrjár) sem lýst er í hagnýtu leiðbeiningunum um sjálfsmat og þið viljið fá að vita meira um.

.....

.....

.....

.....

.....

.....